

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. desember 2022

Mál nr. S-3716/2022:

Héraðssaksóknari

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

Arash Hossein Pour Rafati

(Leó Daðason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 8. desember sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 1. september 2022, á hendur Arash Hossein Pour Rafati, kt. [...], „fyrir eftirtalin brot: fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa að kvöldi þriðjudagsins 28. maí 2019, veist að A, á heimili þeirra að [...], og slegið hann með vatnsglasi í andlitið, með þeim afleiðingum að glasið brotnaði og hlaut A djúpt þriggja sentimetra langt stungusár neðan kjálka vinstra megin á hálsi, ca. tveimur sentimetrum frá barka, og tveggja sentimetra sár á höku, auk merkja um tvo tveggja millimetra aðskotahluti undir húð vinstra megin á hálsi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, er gerð sú krafa að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 3.000.000 kr. með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 28. maí 2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt ákærða, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá er þess jafnframt krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola þann sjúkrakostnað sem hann varð fyrir, samtals að fjárhæð 38.083 kr., auk málskostnaðar brotþola vegna lögmannsaðstoðar við að hafa kröfu þessa uppi samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Jafnframt krefst hann þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara þess að

sýknað verði af bótakröfu en til þrautavara verulegrar lækkunar. Þá krefst hann þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglu barst þann 28. maí 2019 tilkynning um líkamsárás í [...] þar sem maður hefði ráðist á tvo menn. Þegar lögreglumenn voru á leið á vettvang barst önnur tilkynning um að um hnífstungu í háls væri að ræða og mikil blæðing væri frá stungunni. Þegar lögregla kom á vettvang voru margir þar fyrir, m.a. maður sem virtist af erlendu bergi brotinn og var að ræða við sjúkralið og benda þeim upp stigaganginn. Þegar komið var inn í íbúðina sást brotþoli sitjandi á sófa með klút við hálsinn og var blæðing sjáanleg. Annar maður, B, stóð þar hjá en hann hafði áverka í andliti. Þá stóð annar maður hjá, en hann var óslasaður. Brotþoli og B kváðu árásmanninn vera farinn niður stigaganginn. Stuttu síðar kom ákærði inn í íbúðina og bentu brotþoli þá á hann sem gerandann. Í viðræðum við hann kom í ljós að hann var maðurinn sem stóð úti og ræddi við sjúkralið þegar lögregla kom á vettvang.

Ákærði greindi lögreglu frá því að hafa verið inni í eldhúsi að fá sér vatnsglas þegar brotþoli hefði komið aftan að honum og fyrirvaralaust kýlt hann í síðuna. Honum hefði brugðið mjög við þetta og brugðist illa við með þeim afleiðingum að glasið sem hann hefði haldið á hefði brotnað og lent í hálsi brotþola, auk þess sem hann hefði skorist á hendi. Brotþoli væri í annarlegu ástandi og hættulegur.

Brotþoli var fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild en lögreglumaður fylgdi honum þangað og ræddi við hann. Kom fram hjá honum að ákærði hefði ráðist á hann að ástæðulausu inni í eldhúsi og slegið hann með glasi sem hefði brotnað í andlitinu á honum.

B kvaðst hafa verið sofandi inni í herbergi sínu er hann hefði heyrt læti. Hann hefði farið fram og séð brotþola blóðugan og ákærða standa á móti honum. Hann hefði spurt ákærða hvað hefði gerst. Þegar ákærði hefði sagt ekkert hafa gerst hefði hann gengið á hann og ýtt honum, en þá hefði ákærði slegið hann margoft í andlitið með þeim afleiðingum að hann fékk sprungna vör. B var fluttur á slysadeild þar sem skurðurinn á vörinni var djúpur.

Aðrir leigjendur í íbúðinni kváðust hafa heyrt læti en komið að þegar allt var yfirstaðið og hringt á neyðarlínuna. Eigandi íbúðarinnar, D, kom á vettvang. Hún greindi frá því að leigjendur í íbúðinni hefðu kvartað mikið undan ákærða vegna umgengni og háttafars og hún hefði því þurft að segja honum upp leigunni frá og með næstu mánaðamótum.

Í vottorði C, sérfræðings í bráðalækningum, dags. 3. júlí 2019, kemur fram að brotþoli hafi komið á bráðamóttöku með djúpt sár vinstra megin á hálsi sem svolítið hafi blætt frá. Um hafi verið að ræða 3 cm langt stungusár neðan kjálka vinstra megin í

um 2 cm hæð frá barka. Sést hafi niður í yfirborðsvöðva en ekki hafi blætt mikið frá sári enda hafi ekki sést í neinar æðar, auk þess sem ekki hafi sést aðskotahlutir í sárinu. Brotaþoli hafi einnig verið með um 2 cm langt sár á höku. Aðrir áverkar hafi ekki verið sjáanlegir. Tekin hafi verið tölvusneiðmynd af hálsi í kjölfarið sem hafi sýnt merki um tvo 2 mm aðskotahluti undir húð vinstra megin á hálsi. Fengin hafi verið ráðgjöf frá skurðdeild Landspítalans, m.a. frá háls-, nef- og eyrnalæknum sem hafi yfirfarið tölvusneiðmyndir. Vegna legu og stærðar aðskotahluta hafi ekki verið talið fýsilegt að fjarlægja þá heldur talið öruggast að loka sárinu beint. Sárið hafi því verið deyft með aðstoð deildarlæknis af skurðsviði og það í kjölfarið skolað og saumuð fjögur spor með annars vegar sjálfeyðandi saumi og hins vegar með hefðbundnum húðsaumi, en því næst búið um sárið með mjúkum umbúðum. Brotaþoli hafi í kjölfarið fengið almenna fræðslu um sáraumhirðu og verið ráðlagt að leita læknis ef upp kæmu sýkingarmerki, auk þess sem honum hafi verið ráðlögð saumataka á heilsugæslustöð um 10 dögum síðar.

Einnig er að finna í málinu vottorð sama læknis, dags. sama dag, vegna B, sem leitaði á bráðamóttöku sama dag. Greindi hann þar frá því að hann hefði ætlað að stíva tveimur mönnum í sundur en þá verið kýldur í andlitið í tvígang á munn og kjálkasvæði. Hann hefði fengið skurð á vör og höku, auk þess sem hann hefði fengið högg á hægri hné og hægri olnboga þar sem hann hefði dottið. Við skoðun hafi hann verið með skurð á vör og höku. Sárið á vörinni hafi verið deyft, þrifið með saltvatni og saumað niður með tveimur sporum af silkisþræði, auk þess sem sárið á hökunnni hafi verið saumað með hefðbundnum húðsaumi.

Þá liggur frammi vottorð F heimilislæknis, dags. 29. ágúst 2019, vegna skoðunar á ákærða daginn eftir atvikið. Fram kemur að ákærði hafi greint frá því að hann hefði orðið fyrir árás tveggja sambylinga sinna kvöldið áður. Hann hefði mætt öðrum þeirra þegar hann hefði verið að fá sér vatn og rekist í hann. Maðurinn hefði kýlt hann í vinstri vanga og þeir hefðu slegist á eftir og m.a. hefði verið sparkað í kvið hans. Annar maður sem hefði verið þarna hefði tekið þátt í árásinni. Við skoðun hafi ákærði verið aumur yfir vinstra kinnbeini og kjálkalið, en þó getað opnað munninn eðlilega mikið. Hann hafi einnig verið aumur í kvið hægri megin og með tvö sár á hægri handarbaki en engin önnur áverkamerki hafi verið sjáanleg. Skoðunin geti vel samræmst lýsingu ákærða á atburðarásinni.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði greindi svo frá að hann hefði átt erfitt með að sofna þetta kvöld og farið fram í eldhús að ná sér í vatn til að taka svefntöflu. Þegar hann hefði fengið sér vatn í glas hefði hann snúið sér við og séð brotaþola. Honum hefði virst hann í slæmu ástandi, e.t.v. drukkinn eða undir áhrifum fíkniefna. Hann hefði staðið við skáp í eldhúsinu og horft undarlega á sig. Ákærði hefði reynt að fara framhjá brotaþola til að fara inn í

herbergið sitt en brotápoli hefði þá kýlt hann í höfuðið. Höggið hefði komið á vinstri hlið höfuðsins. Honum hefði brugðið mjög við þetta, enda ekki séð höggið koma. Hann hefði fengið mikið áfall og slegið brotáþola ósjálfrátt til baka, en hann hefði verið með glasið í hendinni. Höggið hefði komið á andlit brotáþola. Brotápoli hefði þá sparkað í ákærða og kýlt hann meira, m.a. í höfuðið og kviðinn. Hann hefði svo hótad því að hringja í vini sína sem myndu drepa ákærða og hlaupið inn í herbergið sitt til þess. Hann hefði beðið brotáþola um að hringja í lögregluna. Þá hefði B annar heimilismaður í íbúðinni, komið út úr herberginu sínu og líka farið að lemja ákærða. Ákærði hefði svo komist inn í herbergið sitt og hringt í lögregluna. Þegar lögreglan hefði komið hefði hann farið niður og fylgt lögreglumönnum upp til að sýna þeim hvar þetta hefði átt sér stað. B hefði þá aftur ráðist að honum en lögreglumaður hefði stöðvað árásina. Ákærði hefði ekki skilið hvers vegna hann hefði verið handtekinn þar sem ráðist hefði verið að honum. Hann kvaðst nú vera búsettur erlendis þar sem hann hefði ekki verið öruggur vegna hótana eftir þetta atvik. Hann hefði búið í þessari íbúð í einn mánuð en strax frá upphafi hefði verið eins og meðleigjendum hans hefði verið uppsigað við hann. Leiðinleg atvik hefðu komið upp en þó ekkert þennan sama dag. Hann taldi ástæðuna fyrir árás brotáþola og B vera þá að þeir væru rasistar. Þá hefði brotápoli verið í annarlegu ástandi. Spurður um misræmi í lýsingu á atvikinu hjá lögreglu og fyrir dómi kvaðst ákærði telja að túlkur hefði gefið rangar upplýsingar.

Brotápoli, A, lýsti því að hann hefði farið inn í eldhús seint um kvöld að þvo diska eftir matinn. Á leiðinni hefði hann gengið framhjá ákærða. Hann hefði farið að vaskinum, skrúfað frá vatni og þvegið disk. Hann hefði ekki heyrt ákærða koma að sér. Þegar hann hefði lagt diskinn frá sér og snúið sér við hefði ákærði slegið hann með glasi. Glasið hefði brotnað við höggið. Enginn fyrirvari hefði verið á þessari árás. Hann taldi að ákærði hefði viljað drepa hann og sagðist hafa óttast um líf sitt. Hann hefði sjálfur ekki veist að ákærða með neinum hætti. Hann hefði reynt að komast aftur inn í herbergi til að kalla eftir aðstoð. Hann hefði reynt að kalla eftir hjálp frá meðleigjendum sínum sem hefðu verið í herbergjum sínum. Á leiðinni í herbergið hefði hann litið í spegil og séð stórt gat á hálsinum. Mikið hefði blætt og hann hefði reynt að stoppa blæðinguna. B hefði komið út úr herberginu sínu þegar brotápoli hefði verið kominn inn í sitt og bjargað honum. Ákærði hefði líka ráðist að B fyrir framan herbergið hans. Brotápoli kvað ástæðu þess að hann hefði ekki nefnt það hjá lögreglunni vera þá að ekki hefði verið spurt um það. Síðan hefðu hinir meðleigjendurnir komið úr herbergjum sínum og hringt í lögregluna sem hefði fjarlægð ákærða. B hefði líka farið til nágretta til að biðja um að hringt yrði á sjúkrahúsi. Brotápoli hefði sjálfur farið á spítala þar sem gert hefði verið að sárum hans. Hann hefði sloppið vel en einungis hefði munað 2 mm að skurðurinn hefði náð að slagæð. Hann væri með 3 cm langt ör eftir þetta. Árásin hefði haft mikil áhrif á sig, hann hefði ekki getað unnið í nokkra mánuði og hefði þurft að glíma við ýmsar andlegar afleiðingar.

Hann hefði ekki getað búið áfram í íbúðinni. Ákærði hefði einungis búið í íbúðinni í nokkra mánuði en þeir hinir í einhver ár. Ákærði hefði verið mjög agressífur gagnvart meðleigjendum sínum og þeir hefðu þurft að kvarta til eiganda íbúðarinnar vegna erfiðleika í samskiptum við hann. Einkum hefði það þó beinst að B sem hefði verið eins konar umsjónarmaður í íbúðinni. Hann hefði sjálfur ekki haft neina sérstaka skoðun á ákærða enda hefði hann unnið mikið og haft lítil samskipti við meðleigjendur sína. Hann hefði ekki átt nein samskipti við ákærða þetta kvöld. Hann hefði komið seint heim, farið í sturtu og borðað og ekki verið undir neinum áhrifum. Aðspurður kvaðst hann ekki vita hvers vegna ákærði hefði kennt sér meins eftir þetta kvöld.

Vitnið B kvaðst hafa verið sofandi í herbergi sínu þegar hann hefði heyrt brotaþola öskra. Hann hefði hlaupið út úr herberginu sínu og séð brotaþola liggja haldandi á tusku við hálsinn og ákærða standa yfir honum á ganginum. Hann hefði hlaupið að þeim, ýtt ákærða frá og spurt hvað hann hefði verið að gera. Ákærði hefði þá kýlt hann þannig að hann hefði fallið á gólfið og það sama hefði gerst aftur þegar hann hefði staðið upp. Þegar hann hefði sagt ákærða að hann ætlaði að hringja í lögregluna hefði ákærði farið inn í herbergið sitt. Hann hefði tekið eftir því að það blæddi úr hendi ákærða. Hann kvaðst þó ekki vita hvernig ákærði hefði hlotið þá áverka sem hann hefði kvartað undan. Hann hefði hlaupið út úr íbúðinni til nágretta og beðið um að hringja í lögregluna. Hann hefði verið blóðugur með sár á vör. Hann hefði farið á sjúkrahús og þurft að bíða lengi eftir aðstoð. Spurður um ástand brotaþola þetta kvöld kvaðst vitnið hafa verið farinn að sofa þegar brotaþoli hefði komið heim og vissi hann því ekkert um það. Vitnið lýsti því að samskiptaörðugleikar hefðu verið við ákærða á heimilinu. Hann hefði séð um að skipuleggja skiptingu á þrifum. Ákærði hefði ekki séð um sinn hlut í þrifunum og hann hefði því þurft að kvarta til leigusala. Hann hefði ítrekað farið í bága við reglur og leigusalinn hefði þá sagt honum upp. Ákærði hefði reiðst mikið við þetta og farið að kalla hann rasista.

Vitnið D kvaðst hafa leigt íbúðina að [...] út ásamt [...]. Ákærði hefði verið nýjasti leigjandinn. B hefði haft það hlutverk að fylgjast með því að húsnæðing væri fylgt. Hann hefði látið vita að ákærði gerði það ekki. [...] hennar hefði haft samband við hann í kjölfarið og beðið hann um að fylgja reglunum. Eftir atvikið í íbúðinni hefði vitnið farið þangað ásamt [...]sínnum. Ákærði og brotaþoli hefðu verið farnir en þau hefðu hitt B. Blóð hefði verið úti um allt og aðrir leigjendur hefðu verið skelkaðir í herbergjum sínum og ekki þorað að koma fram.

Lögreglumaður nr. E kvaðst ekki muna vel eftir atvikinu. Borist hefði tilkynning um líkamsárás og hnífstungu. Hún mundi ekki sérstaklega eftir að hafa rætt við ákærða og mundi ekki til þess að nein átök hefðu verið á staðnum.

C, sérfræðingur í bráðalækningum, kvað brotaþola hafa komið á bráðamóttöku með skurð. Annar læknir hefði hitt hann fyrst og metið hann hressan og skýran. Við

myndatöku af áverkum hans hefðu sést aðskotahlutir í sárinu. Þeir hefðu þó ekki farið djúpt inn og eftir skoðun lækna hefði verið ákveðið að loka sárinu eins og það væri. Það gæti verið mjög hættulegt að fá áverka á hálsinn þar sem þar séu miklir strúktúrar, svo sem öndunarvegur og bláæðar. Brotapoli hefði þó verið heppinn og áverkarnir hefðu ekki reynst hættulegir.

F heimilislæknir greindi frá skoðun sinni á ákærða daginn eftir atvikið. Ákærði hefði haft eymsli yfir vinstra kinnbeini og kjálkabarði og verið aumur í kviðnum. Þetta hefðu verið þreifieymsli þannig að ákærði hefði greint frá því við viðkomu að finna til. Þá hefði hann haft tvö sár á handarbaki og við hnúann á löngutöng, en ekki hefðu sést önnur áverkamerki. Áverkarnir gætu passað við lýsingu ákærða á því að hafa lent í átökum við tvo samleigjendur sína.

Niðurstaða

Ákærða er gefin að sök sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa veist að brotþola á sameiginlegu heimili þeirra og slegið hann með vatnsglasi í andlitið, með þeim afleiðingum að glasið brotnaði og brotþoli hlaut stungusár neðan kjálka vinstra megin á hálsi. Ákærði neitar sök. Hann telur háttsemi sína refsilausa þar sem hann hafi ekki haft ásetning til að veita brotþola áverka, heldur hafi verið um ósjálfráð viðbrögð hans að ræða.

Ákærði og brotþoli eru einir til frásagnar um það sem gerðist milli þeirra í eldhúsi íbúðarinnar. Ákærði lýsir því að hann hafi fyrirvaralaust fengið högg í höfuðið frá brotþola þar sem hann hafi verið að fá sér vatn í glas. Hann hefði ósjálfrátt slegið til baka þar sem honum hefði brugðið mikið. Í kjölfarið á því hefði brotþoli veist að honum með höggum og spörkum. Brotþoli lýsir því hins vegar að ákærði hafi skyndilega að tilefnislausu slegið hann með glasi en engin önnur átök hefðu átt sér stað á milli þeirra. Engin vitni voru að þessu atviki en meðleigjandi þeirra vaknaði við öskur frá brotþola og kveðst hafa komið að honum og ákærða þar sem ákærði hafi staðið yfir brotþola sem hafi verið blóðugur og haldið tusku að hálsi sér.

Í málinu liggja frammi gögn um áverka á bæði ákærða og brotþola. Áverkar ákærða eru eymsli sem hann kvartaði undan við þreifiskoðun hjá lækni, auk þess sem hann hafði sár á höndum. Hann greindi lögreglu frá því á vettvangi að sárin á höndum hans væru eftir að glasið, sem hann hefði slegið brotþola með, hefði brotnað. Áverkar brotþola voru talsvert alvarlegri en hann hlaut djúpan skurð á hálsi og sár á höku.

Ákærði bar um það að eftir að hann hefði veitt brotþola höggið hefði brotþoli veist að honum, auk þess sem til ryskinga hefði komið milli hans og vitnisins B. Þeir áverkar sem hann kveðst hafa hlotið staðfesta því ekki að brotþoli hafi átt upptökin að átökum þeirra. Stendur því orð gegn orði um það hver veitti fyrsta höggið og hvort

brotapoli sló ákærða yfirleitt. Hins vegar staðfesta lækisfræðileg gögn, framburður vitna og viðurkenning ákærða að hann veitti brotþola áverka með því að slá hann með glasi.

Ákærði kveður að ekki hafi verið um ásetningsverk að ræða heldur ósjálfráð varnarviðbrögð. Ákærði lýsti því sjálfur að hann hefði slegið brotþola með glasinu. Svo virðist sem höggið hafi verið nokkuð harkalegt, enda brotnaði glasið, ákærði skarst á hendi og brotþoli hlaut djúpan 3 cm skurð á hálsi og 2 cm langt sár á höku. Þykir dóminum svo harkaleg viðbrögð ekki samræmast því að þau hafi verið ósjálfráð. Af framburði ákærða og vitna, auk annarra gagna málsins, verður ekki annað ráðið en að um ásetningsverk hafi verið að ræða. Þá verður ekki séð að háttsemi ákærða geti réttlæst af neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda er slíkur mismunur á áverkum á ákærða og brotþola að ákærði beitti í öllu falli vörnum sem voru auglýsilega hættulegri en árásin og tjón það sem af henni mátti vænta gaf ástæðu til.

Með hliðsjón af framangreindu er sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 31. ágúst 2022, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Með hliðsjón af framangreindu, drætti sem varð á meðferð málsins og alvarleika árásar ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Af hálfu A er krafist miskabóta að fjárhæð 3.000.000 krónur auk bóta vegna sjúkrakostnaðar að fjárhæð 38.083 krónur. Krafa um sjúkrakostnað er studd gögnum og verður fallist á hana. Brotþoli á rétt á miskabótum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun fjárhæðar miskabóta verður litið til þeirrar alvarlegu aðferðar sem ákærði beitti og afleiðinga brotsins. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 600.000 krónur og bera þær vexti eins og í dómsorði greinir.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Leós Daðasonar lögmanns, 885.825 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola, Braga Dórs Hafþórssonar lögmanns, 448.250 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og 67.040 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson saksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Arash Hossein Pour Rafati, sæti fangelsi í sex mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 600.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 28. maí 2019 til 10. nóvember 2022, en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags, auk 38.083 króna í sjúkrakostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Leós Daðasonar lögmanns, 885.825 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola, Braga Dórs Hafþórssonar lögmanns, 448.250 krónur, og 67.040 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir